



Bæjarstjórn Reykjanesbæjar  
b.t. Bæjarstjóra

Reykjavík 20. maí 2020

Efni: Hjálpræðisherinn í Reykjanesbæ

Góðan dag

Mig langar með þessu bréfi að minna á Hjálpræðisherinn í Reykjanesbæ.

Hjálpræðisherinn í Reykjanesbæ var stofnaður árið 2007 og það ár voru fest kaup á húsnæði að Flugvallarbraut 730 á Ásbrú.

Starfsemi Hjálpræðishersins hefur verið fjölbreytt í þau 13 ár sem hann hefur starfað í sveitarfélaginu. Þar hefur verið öflugt barna- og unglingastarf, velferðarstarf, kvennastarf ásamt kristilegum samkomum og sálusorg og slíku sem því tilheyrir.

Haustið 2020 mun starfsemi Hjálpræðishersins í Reykjanesbæ færast undir Hjálpræðisherinn í Reykjavík. Þar starfa foringjar sem hafa búið og starfað í Reykjanesbæ og þekkja bæjarbraginn og þann mikla kraft sem býr í Suðurnesjamönnum.

Hjálpræðisherinn er þekktastur fyrir það að vera til staðar þar sem þörfin er mest og með þessu bréfi viljum við minna á að við erum til staðar í Reykjanesbæ nú þegar atvinnuleysi er í hæstu hæðum og erum tilbúin til samvinnu við sveitarfélagið með alls kyns úrræði sem gætu verið lýðheilsu og velferð íbúa svæðisins til góða.

Við höfum þegar sett okkur í samband við Heru Einarsdóttur yfirmann félagsþjónustu og vonumst til að heyra frá ykkur með möguleika á samstarfi í huga.

Með kveðju

---

Hjördís Kristinsdóttir  
foringi í Hjálpræðishernum  
[hjordis@herinn.is](mailto:hjordis@herinn.is)  
s. 6902468